

# Heiti: Paku Paku!

## Fjölskylduspil

Virðuleiki pöndunnar er mældur eftir umfangi magans!

(algerlega tilbúið kínverskt orðtak)

**Aldur:** 8+

**Fjöldi leikmanna:** 2 - 8

**Leiktími:** 10 mínútur

**Innihald:** Borðbúnaður (8 diskar, 8 skálar og 8 bollar), 5 teningar, 40 bitar (refsistig með gildin 1, 2, 3 og 5) og 1 borð. Borðbúnaðurinn er ekki ætlaður undir matvæli.

---

### Hugmynd og markmið:

Markmiðið er að fá sem fæst refsistig með því að láta teninginn ganga til næsta spilara eins fljótt og hægt er. Allir varpa teningum á sama tíma – það gæti orðið smá æsingur! Um leið og einhver er kominn með 10 refsistig er spilið búið.

Á hverju ári safnast feitustu pöndur Asíu saman. Þær eru velþjálfaðar, komnar til að keppa um lífið og hrísgrjónabollur. Því eins og allir vita það er einungis einn sem enginn diskur er of fullur fyrir. Hvers magi er eins öflugur og viljinn um leið og hann er jafn snjall og hann er gráðugur.

### Undirbúningur:

Setjið refsistigin, borðið og allan borðbúnaðinn á mitt borðið, eða þar sem allir ná vel til þess.

Sá sem er yngstur tekur teningana og deilir þeim eins jafnt og hægt er á milli spilaranna.

*Dæmi: Þegar 3 spila þá fá 2 spilarar 2 teninga hvor og 1 spilari fær 1 tening. Þegar 7 spila þá 5 spilarar 1 tening hver en 2 fá engan í upphafi spilsins.*

### Gangur spilsins:

Allir telja saman upp að þremur og kalla svo PAKU PAKU! Allir sem eru með tening/a varpa þeim.

**Varpa teningum** Í PAKU PAKU byrjar allir samtímis en eftir það varpar hver spilari teningum eins hratt og hann getur. Markmiðið er að fá eins margar hlæjandi pöndur eins fljótt og hægt er. Með því getur spilari látið þann sem situr vinstra megin við hann fá tening eða teninga. En það getur stundum reynt á.



Borðaði hrísgrjónabollu, pandan er glöð! Láttu teninginn til þess sem situr þér á vinstri hönd. Fljótur!



Tómu diskarnir hlaðast upp fyrir framan þig! Í hvert sinn sem þessi mynd kemur upp á teningi verður þú að setja borðbúnað í staflann (einn hlut).

**Stafla borðbúnaði:** Sá sem fyrstur verður til að stafla borðbúnaði setur borðbúnað að eigin vali á borðið sem fylgdi spilin. Sá sem þarf næst að stafla setur það sem hann vill ofan á það sem komið er. Svona er haldið áfram þar til allt hrynur.

**Tilbrigði fyrir vana staflara:** Staflað aðeins mismunandi borðbúnaði upp. Sem dæmi það er einungis hægt að setja disk ofan á bolla eða skál.



eða



Gæti verið að magi pöndunnar væri að verða fullur? Annað hvort það eða ekkert gerist.

Takið alla teningana sem annað hvort sýna tölu eða stafla af diskum og varpið þeim aftur og gerið eins og segir að ofan þar til einhver hrópar PAKU stopp!

*Dæmi: Daníel varpar 3 teningum og fær græna hlæjandi pöndu, rauðan hlaða af diskum og töluna 1.*

*Hann er snöggur og lætur þann sem situr á vinstri hönd fá teninginn með grænu pöndunni.*

*Svo staflar hann borðbúnaði að eigin vali, einn hlutur. Vertu varkár staflinn gæti hrunið. Þá tekur hann teningana með rauða hlaðanum og tölunni 1 og varpar þeim aftur. Svona er haldið áfram.*

Það er auðvitað möguleiki á að sá sem situr þér á hægri hönd láti þig fá tening þó þú hafir einn eða fleiri teninga fyrir. Það verður alltaf að varpa öllum teningunum þar til hlæjandi panda kemur upp. Þá fer sá teningur til þess sem situr þér á vinstri hönd.

Um leið og spilari hefur **að minnsta kosti 5 (þegar 2 eða 3 leika), 4 (þegar 4 eða 5 leika) eða 3 (þegar 6 – 8 leika) teninga fyrir framan sig** eða þegar spilari **veltir stafla um koll** þá hrópar hver sá sem sér það PAKU stopp! og spilið er þegar stöðvað.

Óheppna pandan verður nú að varpa öllum teningunum sem er fyrir framan hana. Spilari leggur saman allar tölur sem koma upp á teningunum og fær jafnmörg refsstig. Svo tekur hann staflann af borðbúnaði niður, deilir teningunum á milli allra sem spila og svo er haldið áfram.

*Dæmi: Anna varpar 4 teningum sem eru fyrir framan hana. Hún fær hlæjandi pöndu, hlaða af diskum, 1 og 2. Hún fær 3 refsstig.*

*Dæmi: Staflinn féll yfir Andra. Hann varpar teningunum tveimur sem eru fyrir framan*

*hann. Upp komu 2 og hlæjandi panda. Hann fær 2 refsistig.*

*Ef þú ert **afar hugaður** þá lætur þú staflann vera eins og hann er, þá tekur þú áhættu.*

**Leikslok:**

Sá vinnur sem er með fæst refsistig.

*Ábending: Það er hægt að breyta fjölda refsistiga eftir því hvað margir spila eða hentar hópnum hverju sinni. Þegar margir spila er hægt að ákveða að spilið sé búið þegar 7 refsistigum hefur verið náð. Ef 2 eða 3 spila þá er hægt að velja að hafa 15 eða 20 refsistig.*

Jafntefli? Það er hægt að skera úr um það með einvígi. Allir sem eru jafnir stafla borðbúnaði, hver á eftir öðrum. Ef staflinn hrynur þá ert þú úr leik. Sá sem stendur eftir vinnur.

*Ráð vitru pandanna: Hver varð fyrstur? Komu raunverulega 4 upp á teningnum? Hver felldi staflann um koll? Í PAKU PAKU getur lífið orðið afar æst og spennandi og það er langt í frá að allt sé klippt og skorið. Ef þið eruð í vafa þá skjótið þið málinu til vitru pandanna, þær eru réttlátar auk þess að vera vitrar. Hverjir eru í ráðinu? Nú, þið öll, auðvitað!*

Það verða fjölmargar hindranir í veginum, lagðar refsistigum og hrísgrjónabollum!  
(Vegur stríðspöndunnar, ósögulegt verk frá 8. öld)

*Þýðing: Eirný Valsdóttir*